

Laugardaginn 14. maí 1960.

Nr. 14/1960. **Ákærvaldið** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Erlendi Einarssyni,

Agli Thorarensen,

Einari Ólafssyni,

Helga Péturssyni,

Hjalta Pálssyni og

Stefáni Björnssyni

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um óréttmæta verzlunarhætti. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Ákæruskjal dómsmálaráðherra, dags. 25. maí 1959, greinir engin tímamörk athafna þeirra, sem ákærðu er sök á gefin í máli þessu, og er það andstætt ákvæðum 2. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála. Vegna þessa ágalla þykir ákæruskjalið eigi verða lagt til grundvallar dómi um efni máls. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá sjó- og verzlunardóminum.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 16.000.00.

Þá eru á héraðsdómi þessir annmarkar:

1. Ákærðu eru samkvæmt ákæruskjali m. a. sóttir til refsingar „fyrir að auðkenna smjör,“ sem Osta- og smjörsalan s/f „sér um pökkun, geymslu og dreifingu á og talið er fyrsta flokks, með orðinu „gæðasmjör“, þótt engar opinberar reglur séu til um mat á smjöri“. Héraðsdómur hefur látið ódæmt þetta ákæruatriði, en þess í stað tekið til úrlausnar, hvort smjör á vegum greinds fyrirtækis væri þeim kostum búið, að því hæfði vöruheitið „gæðasmjör“.

2. Í forsendum héraðsdóms er lýst athugunum, sem framkvæmdar höfðu verið á sýnishornum smjörs frá byrjun

aprilmánaðar 1959 til loka októbermánaðar s. á. Eru niðurstöður þessara athugana síðan metnar ákærðu til refsingar, án þess að greint sé á milli sakaratriða, sem rannsökuð höfðu verið, er ákæruskjal var gefið út, og hins vegar atvika, sem eftir þann tíma gerðust og ákæran gat því ekki tekið til.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 16.000.00.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 3. desember 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. f. m., er af hálfu ákæruvaldsins höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 25. maí s. l., á hendur eftirtöldum stjórnarmeðlimum Osta- og smjörsölunnar s.f. í Reykjavík: Erlendi Einarssyni forstjóra, Selvogsgrunni 27, hér í bæ, Agli Thorarensen kaupfélagsstjóra, Selfossi, Einari Ólafssyni, bónda að Lækjarhvammi við Suðurlandsbraut, hér í bæ, Helga Pétursyni framkvæmdastjóra, Smáragötu 11, hér í bæ, Hjalta Pálssyni framkvæmdastjóra, Ægissíðu 74, hér í bæ, og Stefáni Björnssyni forstjóra, Grænuhlíð 7, hér í bæ, fyrir að auðkenna smjör, sem greint fyrirtæki sér um pökkun, geymslu og dreifingu á og talið er fyrsta flokks, með orðinu „gæðasmjör“, þótt engar opinberar reglur séu til um mat á smjöri, svo og fyrir að þakka öllu slíku smjöri inn í sams konar umbúðir, án þess að getið sé um framleiðanda smjörsins, sem greindu fyrirtæki berst frá ýmsum mjólkurbúum og smjörsamlögum, þannig að ekki verður séð af umbúðum smjörs þessa, hver framleiðandinn raunverulega er, en auk orðsins „gæðasmjör“ stendur á umbúðum smjörsins nafn fyrirtækisins Osta- og smjörsalan s.f.

Eru ákærðu kærðir til refsingar eftir 1. mgr., a- og b-liðum, sbr. 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn

óréttmætum verzlunarháttum, sbr. 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 32/1933 um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl. analogice. Þá er þess krafizt, að hinir ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Enginn hinna ákærðu hefur, svo að kunnugt sé, sætt kærnum eða refsingum, sem áhrif gætu haft við ákvörðun refsingar í máli þessu.

Tildrög máls þessa eru þau, að í byrjun þessa árs kom hér á markaðinn smjör, sem pakkað var í umbúðir, merktar Ost- og smjör-sölunni s.f., án þess að framleiðanda væri getið, og selt undir nafninu „gæðasmjör“. Að kröfu Neytendasamtakanna, er töldu, að með söluaðferð þessari væri brotið gegn lögum um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, var málið rannsakað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur.

Samkvæmt framburði allra hinna ákærðu fyrir dómi var nafngiftin „gæðasmjör“ svo og gerð umbúðanna ákveðin á stjórnarfund þ Ost- og smjör-sölnnar s.f. Þá hafa ákærðu, svo og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Sigurður Benediktsson, borið efnislega samhljóða um eftirfarandi: að starfsemi Ost- og smjör-sölnnar sé fólgin í þökkun smjör-sins, geymslu þess og dreifingu, svo og framkvæmd gæðamats og leiðbeiningu um vöruvöndun, að vöruheitið „gæðasmjör“ hafi verið valið til að gefa til kynna, að um 1. flokks vöru væri að ræða, sbr. t. d. orðið „prima“, að stjórn Ost- og smjör-sölnnar s.f. hafi engar reglur sett um gæðamat á smjöri, en hins vegar starfi við fyrirtækið norskur sérfræðingur, sem sjái um framkvæmd matsins, að óþarft sé að geta framleiðslustaðar smjör-sins á umbúðunum, þar sem ætlunin hafi verið að setja á markaðinn „standard“-vöru, auk þess sem sparnaður fylgi þessu fyrirkomulagi í dreifingarkostnaði, vörurýrningun og jafnvel hilluplássi í verzlunum.

Jakob Vikse mjólkurfræðingur, sem haft hefur umsjón með gæðamatinu, hefur gefið skýrslu fyrir dómi um framgang þess. Segir hann smjörið dæmt eftir útliti, þéttleika og lykt og bragði. Í framkvæmd séu smjörinu gefnar einkunnir fyrir hvert þessara atriða eftir einkunnarstiganum 6 til 14, og sé vara, sem nær 9,5 stigum, 2. flokks smjör. Hljóti því að koma til greina nokkur gæðamunur á vöru, sem þó telst til sama flokks. Eina efnagreiningin, sem framkvæmd er reglulega við gæðamatið, er að mæld er vatnsþrósenta smjör-sins. Aðrar efnarannsóknir, t. d. um gerlagróður, eru því aðeins framkvæmdar, að sérstakt til efni gefist til. Þá skýrði Vikse frá því, að við framkvæmd gæða-

matsins hefði hann fylgt sömu reglum og hafðar eru við mat á útflutningssmjöri í Noregi, enda kvaðst hann engin bein fyrir-mæli hafa fengið frá stjórn Osta- og smjörsölunnar s.f. varðandi framkvæmd matsins.

Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskóla Íslands hefur framkvæmt bæði gerla- og efnarannsóknir á sýnishornum úr „gæðasmjörs“-flokki. Verður nú vikið að niðurstöðum þeirra rannsókna.

Frá byrjun aprílmánaðar til októberloka þessa árs voru gerðar gerlarannsóknir á alls 35 sýnishornum, sem tekin voru hjá Osta- og smjörsölunni s.f. Athugasemdir eru gerðar um útlit tveggja sýnishorna, telst annað aðeins sæmilegt að útliti, en hitt gallað vegna hárs, sem í því var. Um gerð sýnishornanna, er fundið að fjórum þeirra. Tvö þeirra teljast lin, eitt mjög lint og eitt sæmilegt. Þá eru gerðar athugasemdir um bragð sýnishornanna. Nítján þeirra teljast hafa gott bragð, sex sæmilegt og fjögur gallað. Eitt sýnishornanna er sagt hafa mjög dauft bragð, annað vera bragðlaust, hið þriðja vera gott, en salt, hið fjórða salt, hið fimmta er sagt vera ofurlítið rammt og hið sjötta hafa flóningarbragð. Þá er tekin fram katalase (gerlagróður) sýnishornanna. Hafa 29 þeirra katalase 0, prófun á katalase eins þeirra eyðilagðist, en 5 hafa katalase 1, 4, 5, 10 og 22. Að áliti þess, er rannsóknirnar framkvæmdi, dr. Sigurðar Péturssonar, teljast 13 sýnishornanna góð vara, 15 þeirra sæmileg vara og 7 þeirra gölluð vara.

Af ofangreindum sýnishornum voru 25 jafnframt send til efnagreiningar. Ekki gefur efnagreiningin sjálf tilefni til athugasemda, utan þess, að vatnsprósenta eins sýnishornanna reyndist vera um 16.5. Um 3 sýnishornanna taka prófendur fram, að bragð hafi reynzt óaðfinnanlegt, en þó hafi orðið vart mismunandi seltu. Um 7 sýnishornanna er sagt, að niðurstöður rannsóknarinnar gefi ekki tilefni til athugasemda, og um 11 þeirra er athugasemdum algerlega sleppt. Um eitt sýnishorn er sagt, að bragð sé gott, annað er sagt sæmilegt, hið þriðja salt, en ekki ferskt, og hið fjórða er sagt ekki ferskt.

Auk rannsóknar á þeim sýnishornum, er nú var greint frá og tekin voru í Osta- og smjörsölunni s.f., hefur farið fram rannsókn á nokkrum öðrum sýnishornum af „gæðasmjöri“, sem sett hafði verið í verzlunir. Í febrúarmánuði s.l., eða skömmu eftir að Osta- og smjörsalan s.f. tók til starfa, voru að tilhlutan borgarlæknis tekin 4 sýnishorn úr verzlunum hér í Reykjavík og þau send til rannsóknar. Niðurstöður gerlarannsókna eru þær,

að 3 sýnishornanna teljast óaðfinnanleg að bragði og útliti, en hið fjórða er sagt flekkótt, hnoðað saman úr tveim smjörtegundum, en bragð óaðfinnanlegt. Katalase sýnishornanna var 0, tvisvar 4 og 9. Telur gerlafræðingurinn tvö sýnishornanna gölluð, en tvö þeirra góða vöru. Niðurstöður efnarannsóknanna á þessum sömu sýnishornum veita ekki tilefni til athugasemda, en þó er tekið fram, að nokkur bragðmunur hafi verið á smjörtegundum í síðast talda sýnishorninu. Við sömu rannsóknir var einnig athugað sýnishorn, sem keypt hafði verið í verzlun, en kaupandi síðan afhent heilbrigðiseftirlitinu. Við gerlarannsókn er sýnishorninu lýst sem flekkóttu, hnoðuðu saman úr rauðgulu smjöri og öðru hvítara að lit. Hafi hnoðunin verið mjög illa af hendi leyst, svo að smjörið var í lögum, sem flettust í sundur, þegar stykkið var brotið. Bragð hafi verið sæmilegt, en hvíta smjörið þó ekki alveg laust við keim, sem minnt hafi á þráa. Sýnishornið hafði katalase 10 og er við gerlarannsóknina talin slæm vara. Við efnarannsókn er tekið fram, að sýnishorn þetta hafi haft nokkuð hærri sýru en þau önnur sýnishorn, er rannsökuð voru. Greinilegur munur hafi þó ekki fundizt á bragði.

Í febrúarmánuði er einnig efnarannsakað „gæðasmjör“, sem keypt hafði verið í verzlun, en skilað aftur degi síðar. Við rannsóknina gaf kaupmaðurinn þær upplýsingar, að smjörið hefði verið geymt við 0° hita. Niðurstaðan er sú, að sýrutala smjörsins er há, enda smjörið súrt á bragðið og af þeim sökum talið gallað.

Þá var í aprílmánuði rannsakað smjör, er keypt hafði verið í verzlun hér í bæ, en síðan afhent Neytendasamtökunum. Við gerlarannsókn segir, að smjörstykkið hafi verið samsett úr tveim tegundum, mislitum og mishörðum, báðum með bragðgöllum og háum katalase-tölum, 6 og 17, enda verði varan talin slæm. Við efnarannsókn er athugasemdum sleppt.

Vegna kvörtunar voru á vegum heilbrigðiseftirlitsins enn tekinn 3 sýnishorn af smjöri í verzlun hér í bæ í ágúst mánuði s.l. Við gerlarannsókn er útlit, gerð og bragð tveggja sýnishornanna talið gott, og er annað þeirra með katalase 0, en hitt $\frac{1}{2}$, enda eru hvoru tveggja sýnishornin talin góð vara. Þriðja sýnishornið er talið gott að gerð og hefur katalase 0, en hins vegar er því lýst svo illa pökkuðu, að smjörið var bert á bletti. Þá er það sýnishorn sagt mjög bragðvont og talið ósöluhæf vara. Við efnarannsókn er síðasttalda sýnishornið talið nokkuð salt á bragðið.

Sigurður Pétursson gerlafræðingur hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þegar annars sé ekki getið í niðurstöðum rannsókna um bragð, sé með athugasemdunum „sæmilegt“, „gallað“ eða „slæmt“ átt annað tveggja við, að svonefnt „fjósabragð“ eða biturt bragð hafi fundizt af smjörinu. Skýrði Sigurður svo frá, að fyrirnefnda bragðið hafi verið algengasti bragðgallinn, er af smjörinu hafi fundizt, en það sé óhreint bragð, sem kemur af mjólkurafurðum, sem geymdar hafa verið lengi, án þess þó, að þær hafi súrnað, og myndast bragðið af klofningi eggjahvítu-efna af völdum gerla. Þegar smjörsýnishorn hafi hins vegar hlotið bragðeinkunnina „gott“, kvaðst gerlafræðingurinn hafa talið bragðið óaðfinnanlegt, enda kvaðst hann í dómum sínum hafa notað lýsingarorðið sem hástig og einungis metið þá vöru „góða“, sem talin var óaðfinnanleg við allar þær prófanir, sem gerðar voru á sýnishorninu. Hins vegar hafi hann flokkað þá vöru sem „sæmilega“, sem hann hafi ekki verið ánægður með að öllu leyti, en þó talið söluhæfa.

Þá skýrir Sigurður svo frá, að bragðprófanir hafi hann sjálfur framkvæmt ásamt einum til tveim, og í stöku tilfellum þrem, aðstoðarstúlkum, og hafi yfirleitt verið samkomulag milli hans og stúlkanna um bragðmatið, en aldrei kveðst hann hafa gert athugasemdir um bragðgalla, nema hann hafi jafnframt fundið þá sjálfur.

Sigurður Pétursson kveðst hafa starfað við gerlarannsóknir síðan 1935, og hafi starf hans alla tíð síðan m. a. verið fólgið í bragðprófunum á mjólkurafurðum, og m. a. hafi hann um 10 ára skeið tekið til bragðprófunar allt skyr og allan rjóma, sem Mjólkursamsalan framleiddi og tók á móti.

Þá kvað Sigurður það álit sitt, byggt á niðurstöðum rannsókna, að mjög hafi verið fjarri lagi, að „gæðasmjörið“ hafi verið „standardiseruð“ vara, þótt mikið hafi færzt í þá átt, eftir því sem á árið hefur liðið.

Jóhann Jakobsson, forstöðumaður Iðnaðardeildar Atvinnudeildar Háskóla Íslands, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið að beiðni starfsmanna við embætti borgarlæknis, að bragðprófanna var í fyrstu getið í niðurstöðum efnarannsókna á smjörsýnishornum, en þar sem síðar var frá þessari beiðni fallið, var athugasemdum sleppt við síðustu rannsóknir, enda hafi prófendur oft verið ósammála um dóm sinn á bragð, þegar veikur keimur fannst af smjörinu. Þegar bragðprófanir voru hins vegar framkvæmdar, voru þær venjulega lagðar undir mat 4 til 5 starfs-

manna, og taldi Jóhann sennilegast, að þegar annars er ekki sérstaklega getið eða athugasemdum sleppt í niðurstöðum rannsókna, hafi bragðið ekki verið talið aðfinnsluvert að dómi prófenda. Samkvæmt framansögðu á þetta þó ekki við um rannsóknir, dags. 7.9. og 24.10. s.l.

Að sögn Jóhanns Jakobssonar er reynsla starfsmanna efnarannsóknarstofunnar í bragðprófunum á mjólkurafurðum ekki mikil, enda sé það fremur undantekning, að rannsóknarstofunni berist slíkar afurðir til efnagreiningar, og lítið hafi borizt af smjöri fyrr en á þessu ári.

Niðurstöður rannsókna sýna, að veruleg brögð hafa verið að því, að smjör, er selt hefur verið sem „gæðasmjör“, hefur ekki uppfyllt þær kröfur, sem gera verður til vöru, verðugrar þess heitis. Brostið hefur á, að eiginleikar vörunnar hafi verið þeir, sem nafngift hennar undirstrikar sérstaklega. Þykir því sá verknaður ákærðu að auðkenna vöruna með orðinu „gæðasmjör“, sem hinir ákærðu hafa viðurkennt að hafa valið vörunni til að gefa til kynna, að um 1. flokks vöru væri að ræða, refsiverður samkvæmt a-lið 1. gr. laga nr. 84/1933. Rannsókn málsins hefur á hinn bóginn eigi leitt í ljós, að vöruheitið hafi verið auglýst á þann veg, að jafnframt beri að heimfæra verknað ákærðu undir 2. gr. sömu laga.

Sá verknaður ákærðu að pakka öllu „gæðasmjöri“ í samskonar umbúðir, án þess að framleiðanda sé getið, verður eigi talinn varða við 1. gr. fyrrnefndra laga, enda þykja umbúðir þessar hvorki gefa villandi upplýsingar um framleiðslustað vörunnar eða tilbúning hennar. Almenn skylda til að geta framleiðanda á vöruumbúðum er ekki lögboðin, og skilyrði til sakfellingar með lögjöfnun frá ákvæðum 9. gr. laga nr. 32/1933 breyta um tilvik það, sem til úrlausnar er í máli þessu. Ber því að sýkna ákærðu af þessum þætti ákærunnar.

Þar sem ákæruskjal greinir eigi 3. mgr. 1. gr. laga nr. 84/1933, koma þau ákvæði eigi til álita hér.

Refsing hvers hinna ákærðu samkvæmt framansögðu þykir hæfilega ákveðin sektargreiðsla til ríkissjóðs, kr. 1000.00, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber að dæma ákærðu in solidum til greiðslu sakarkostnaðar, málsvarnarlauna til skipaðs verjanda þeirra, Guðmundar Ásmundssonar hrl., kr. 8000.00.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna

ásamt meðdómsmönnum Sigurgeir Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni og Lofti Loftssyni efnaverkfræðing.

Dómsorð:

Ákærðu, Erlendur Einarsson, Egill Thorarensen, Einar Ólafsson, Helgi Pétursson, Hjalti Pálsson og Stefán Björnsson, greiði hver um sig 1000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn kostnað sakarinnar, málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, Guðmundar Ásmundssonar hrl., kr. 8000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði samdómsmannsins Lofts Loftssonar.

Ég undirritaður er samþykkur framanskráðu að öðru leyti en því, að ég tel, að með þeirri háttsemi sinni að láta pakka öllu smjöri í sams konar umbúðir, án þess að framleiðanda sé getið, hafi ákærðu jafnframt gerzt brotlegir við b-lið 1. gr. laga nr. 84/1933, enda tel ég, að þar sem smjör frá hinum ýmsu framleiðendum hljóti jafnan að vera nokkuð misjafnt að gæðum, m. a. vegna mismunandi framleiðsluhátta, gefi umbúðir „gæðasmjörsins“ ranglega til kynna, að öll varan sé framleidd á sama hátt.

Álit mitt byggi ég á því, að rannsóknir á „gæðasmjöri“ hafa leitt í ljós verulegan gæðamun á þessu smjöri. Jafnframt hefur lýsing á gæðaflokkum Osta- og smjörsölunnar s.f. leitt í ljós, að um verulegan gæðamun getur verið að ræða á smjöri, sem metið er til 1. flokks, enda hefur reynslan orðið sú, að um 90% af mjólkurbússmjöri Osta- og smjörsölunnar s.f. hefur verið flokkað sem „gæðasmjör“. Allt þetta smjör er framleitt í 9 mjólkurbúum víðsvegar um landið. Að mínu áliti er smjör, sem framleitt er í sama bú, yfirleitt svipað að gæðum, enda framleiðslu smjörsins yfirleitt eins hátt að í sama bú og meðferð hráefnisins svipuð. Eins er það álit mitt, að hin mismunandi gæði „gæðasmjörsins“ stafi fyrst og fremst af ólíku smjöri úr hinum ýmsu búum, sérstaklega þar sem lítið þarf út af að bera við tilbúning smjörsins eða við meðferð hráefnisins, svo að smjör-ið verði ekki eins.

Þá er það og mitt álit, að það sé fyrir almenningsheill, að nafn eða merki smjörframleiðanda sé getið á umbúðum, svo að

neytandinn geti tekið þátt í gæðamati smjörsins og haft áhrif á vöruvöndun framleiðandans með kaupum sínum, enda hafa bæði Neytendasamtökin og Kaupmannasamtök Íslands samþykkt áskoranir þess efnis.

Ég er samþykkur dómsniðurstöðu meiri hluta dómenda.

Mánudaginn 16. maí 1960.

Nr. 68/1960. **Haraldur Ágústsson**
 gegn
Hallgrími Magnússyni og
Herði Kristinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 17. marz þ. á. og hingað komnni 7. apríl þ. á. skotið til Hæstaréttar frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 10. marz þ. á. í máli, sem varnaraðili Hallgrímur Magnússon sækir á hendur varnaraðilja Herði Kristinssyni, en sóknaraðili höfðaði í hér-aði meðalgöngusök í máli þessu.

Í greinargerð, dags. 3. maí 1960, krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að varnaraðiljum verði gert að greiða honum kærumálskostnað.

Í greinargerðum, dags. 6. og 7. maí 1960, krefjast varnaraðiljar staðfestingar hins kærða dóms og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim, hvorum um sig, kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 800.00 til hvors þeirra.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.